

**Nd.**

**750. Lög**

um útflutning hrossa.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí).

**1. gr**

Á erlendan markað má ekki flytja eldri hross en 10 vetra og ekki yngri hross en 3 vetra. Atvinnumálaráðherra getur þó leyft útflutning á einstökum hrossum, sem eru eldri en 10 vetra og yngri en 3 vetra, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, sem mæla með því.

**2. gr**

Á tímabilinu 15. október til 1. júní er óheimilt að flytja hross á erlendan markað. Frá 1. marz til 1. júní má þó flytja út hross á aldrinum 4—10 vetra, enda séu þau feit og hafi notið innifóðurs ekki skemur en 1 mánuð. Þó þarf leyfi atvinnumálaráðherra til slíks útflutnings í hvert sinn, enda hafi hann áður sett reglur um meðferð hrossanna, frá því þau eru keypt og þar til þau eru látin í skip.

### 3. gr.

Áður en hross séu flutt úr landi, hvort heldur er til einstakra manna eða til sölu á erlendum markaði, skulu þau skoðuð á útflutningsstaðnum af dýralækni. Þó getur atvinnumálaráðherra skipað aðra menn en dýralækna til þess að hafa eftirlit með útflutningnum, ef fjarlægðir eða aðrar sérstakar ástæður banna, að dýralæknir geti framkvæmt skoðunina. Skoðunarmenn semji skrá yfir hin útfluttu hross í áframhaldandi töluröð, og festi samtímis við hvert hross spjald, þar sem tilgreind er skrásetningartala þess, kynferði, aldur, litur og hæð. Embættisdýralæknar skulu hver í sínu umdæmi skyldir til þess að annast skoðun á útflutningshrossum. Atvinnumálaráðherra ákveður þóknun fyrir skoðun hrossanna og eftirlit með útflutningnum, og greiðist hún úr ríkissjóði.

### 4. gr.

Dýralækni eða öðrum eftirlitsmanni, sem atvinnumálaráðherra kann að hafa falið eftirlit með hrossaútflutningi (sbr. 3. gr.), er skylt að líta eftir og fullvissa sig um, að rúm það i skipunum, sem hestarnir eru fluttir í, sé nægilega stórt, loftgott, stíurnar traustar og að brynningarböld séu hagkvæm og í lagi. Ennfremur að hrossunum sé ætlað nægilegt og gott vatn og fóður og að skipstjóri hafi til umráða nægilegan mannafla til þess að annast hirðingu hrossanna í skipinu. Á stiugólf og gangrúm, sem hross eru leidd um, skal strá hálmur eða sandi, eða gera þau ósleip á annan hátt. Sjá skal fyrir góðri loftræsting, þar sem hross eru höfð, og birtu, eftir því sem ástæður frekast leyfa.

### 5. gr.

Skylt er dýralækni (eftirlitsmanni) að kyrrsetja og banna útflutning á hrossum, sem eru mögur og illa útlitandi, glaseygð, meidd, hölt, með mjög snúna hófa, áberandi skakka eða hnýtta fætur, áberandi bilun í fótum eða með öðrum verulegum lýtum og göllum.

### 6. gr.

Þeim, sem senda hross til útlanda, er skylt að tilkynna það dýralækni (eftirlitsmanni) með nægum fyrirvara, ennfremur láta dýralækni í té næga aðstoð við skoðunina.

### 7. gr.

Dýralækni og skipstjóra er skylt að láta fylgja farmskrá skipsins vottorð um aldur, stærð, heilbrigði og útlit hrossanna á útskipunardegi, sbr. 3. málsl. 3. gr.

### 8. gr.

Atvinnumálaráðherra getur sett nánari reglur um útbúnað skipa, sem flytja hross, vatns- og fóðurbirgðir, hirðingu hrossa í skipunum, um það, hvernig eftirlitinu skuli hagað, og annað það, er þurfa þykir vegna útflutningsins.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum þeim, sem settar kunna að verða samkvæmt 8. gr., varða sektum frá 50—3000 kr., sem renna í rikissjóð. Með mál út af slíkum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 73, 22. nóv. 1907, um útflutning hrossa, svo og lög nr. 47, 3. nóv. 1915, og lög nr. 34, 19. maí 1930, um breyting á þeim lögum.